

Sagnir til að lýsa hæfniviðmiðum

Það getur reynst snúið að finna réttu sagnorðin til að lýsa hæfniviðmiðum námskeiða, einkum þar sem þau þurfa að samræmast hæfniviðmiðum námsleiðanna í heild. Listi sagnorða¹ sem hér fer á eftir er ætlaður til að auðvelda það ferli. Til hagræðis er sögnunum raðað upp undir fyrrisögnum sem líta má á með hliðsjón af flokkunarfræði Bloom á sviði þekkingar².

Minni

Hér er lögð áhersla á að nemandinn muni staðreyndir, skilgreiningar, kenningar o.s.frv. Notið sagnir á borð við:

Vitna í, skilgreina, lýsa, auðkenna, merkja, skrá, staðsetja/finna, tengja saman, leggja á minnið, nefna, draga saman (samantekt), rifja upp, þylja upp, bera kennsla á, skrá niður, tengja, endurtaka, endurskapa, velja, tjá/lýsa yfir.

Skilningur

Hér er lögð áhersla á að nemandinn leggi merkingu í þá þekkingu sem hann hefur aflað sér, að hann skilji það sem hann sér, heyrir og les. Notið sagnir á borð við:

Flokka, bera saman, umbreyta, verja (eitthvað/einhvern), lýsa, ræða, greina á milli, áætla, útskýra, tjá (sig), auðkenna, álykta, túlka, staðsetja, umorða, segja/spá fyrir um, bera kennsl á, skýra frá, endurtaka, fara yfir (lesa yfir), endurskrifa, draga saman (samantekt), þýða.

Beiting

Hér lögð áhersla á að nemendur geti beitt þekkingu, hugtökum, dæmum, aðferðum og kenningum við mismunandi aðstæður, þekktar og óþekktar. Notið sagnir á borð við:

Taka af skarið, beita, reikna, velja, byggja upp, skýra með dæmum, sýna myndrænt, túlka, hagræða/hafa áhrif á, breyta, stjórna, æfa/þjálfa, undirbúa, framleiða, tengja, skipleggja, sýna, skissa upp, leysa, nota.

¹ Sagnorðalistinn byggir á samantekt Stanny, j. Claudia. (2016). Reevaluating Bloom's Taxonomy: What Measurable Verbs Can and Cannot Say about Student Learning. *Education Sciences*, 6(4), p.37.

² Biggs, J. and Tang, C. (2007) *Teacing for Quality Learning at University* (3. útgáfa). McGraw – Hill Education.
Bloom, Benjamin S. (1956). *Taxonomy of Educational Objectives, Handbook 1: Cognitive Domain*.

Greining

Hér er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að beita gagnrýnni hugsun, færa rök fyrir máli sínu og draga ályktanir af upplýsingum og heimildum, styðja mál sitt með tilvísun í heimildir, setja fram tilgátur sem eiga við rök að styðjast og greina á milli staðreynda og ályktana. Notið sagnir á borð við:

Greina, meta, flokka, bera saman, benda á andstæður, gagnrýna, aðgreina, gera upp á milli, greina á milli, aðskilja, skoða (eitthvað/einhvern nákvæmlega), álykta, lýsa í grófum dráttum, benda á, spyrja, tengja, velja, aðskilja, skipta niður, prófa.

Mat

Hér er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að leggja rökstutt mat á upplýsingar, hugmyndir, viðhorf og gildismat. Notið sagnir á borð við:

Meta, rökræða, velja, bera saman, álykta, gagnrýna, verja, áætla, stjórna, undirbúa, endurskipuleggja, búa til.

Nýmyndun

Hér er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að setja fram hugmyndir og tillögur, til þess að þróa, hanna, semja og leita lausna með hjálp skapandi hugsunar. Notið sagnir á borð við:

Raða/skipuleggja, setja/safna saman, sameina, semja/yrkja, byggja upp, skapa, hanna, þróa, finna upp, móta, búa til, breyta, skipuleggja, gera áætlun, undirbúa, framleiða, raða (eftir t.d. einkunn), endurskoða, skrifa.